

Flutt kr. 3067442.27 83

15. gr.

9. júlí

Til viðbótar við gjöldin í 22. gr. er veitt:

V. Húsaleiga ráðherra þess, sem fer með utanríkismál — 2125.00

Samtals kr. 3069567.27

*Gjört í Reykjavík, 9. júlí 1941.***Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

*Jakob Möller.***L Ö G**

84

9. júlí

um breyting á lögum nr. 91 frá 14. maí 1940, um húsaleigu.**RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS***gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:**1. gr.**

1. gr. laganna orðist þannig:

Óheimilt er að hækka húsaleigu eftir húsnaði frá því, sem goldið og umsamið var hinn 14. maí 1940, nema sem svarar auknum viðhaldskostnaði, samkvæmt eftirfarandi ákvæðum:

Félagsmálaráðherra ákveður, að fengnum tillögum kauplagsnefndar, hlutfallið á milli húsaleigu og viðhaldskostnaðar, miðað við 4. apríl 1939. Kauplagsnefnd skal, með aðstoð hagstofunnar, reikna út hækkun viðhaldskostnaðar tvisvar á ári, 1. marz og 1. ágúst, miðað við mánuðina jan.—marz 1939. Síðan reiknar nefndin út húsaleiguvísitölu samkvæmt framansögðu. Er heimilt að hækka húsaleigu í samræmi við vísitölu þessa 14. maí og 1. okt., enda sé leigumálinn staðfestur af húsaleigunefnd.

Enn fremur er heimilt að hækka eftir mati leigu eftir húsnaði sökum verðhækkunar á eldsneyti, sem innifalið er í leigunni, vaxta- og skattahækkunar af fasteignum og annars þess háttar, svo og húsnaði, sem af sérstökum ástæðum hefur verið leigt lægra en sambærilegt húsnaði á þeim stað (kaupstað, kauptúni eða sveit). Verði hækkun metin á leigu, kemur hún til framkvæmda 14. maí eða 1. október.

Lög þessi taka ekki til leigu á einstökum herbergjum, sem leigutaki eða húseigandi leigir einhleypum út frá íbúð sinni.

2. gr.

Aftan við 2. gr. laganna komi tvær nýjar greinar, er verði 3. og 4. gr. (og breytist greinatala laganna samkvæmt því):

- a. (3. gr.) Íbúðarherbergi má ekki taka til annarrar notkunar en íbúðar, og íbúðarhús má ekki rífa nema heilbrigðisnefnd banni að nota þau til íbúðar. Húsaleigunefnd (fasteignamatsnefnd) getur þó veitt sérstakt leyfi til þessa og sett það skilyrði, að húseigandi sjái um jafnmikla aukningu á húsnaði til íbúðar annars staðar í hlutaðeigandi kaupstað, kauptúni eða sveit.
- b. (4. gr.) Húsaleigunefnd (fasteignamatsnefnd) skal heimilt að taka til umráða auðar íbúðir og ráðstafa þeim til afnota handa húsnaðislausu fólki, enda komi fullt endurgjald fyrir. Áður en nefndin tekur íbúð til umráða, skal hún setja húseiganda hæfilegan frest til að ráðstafa íbúðinni til afnota handa húsnaðislausum

84
9. júlí

innanhéraðsmanni. Geri hann þetta ekki, skal nefndin rannsaka málið og síðan úrskurða, hvort íbúðin skuli tekin, og ákveða leiguupphæð, leigutíma og annað, sem þörf þykir að taka ákvörðun um og málsaðilum kemur ekki saman um. Úrskurður húsaleigunefndar er fullnaðarúrskurður.

Á sama hátt og segir í 1. mgr. er húsaleigunefnd heimilt að taka til sinna umráða annað ónotað húsnæði og útbúa það til íbúðar.

3. gr.

Við 3. gr. laganna, sem verður 5. gr., bætist ný málsg.:

Skylt skal nefndinni, að viðlögðum dagsektum, að hafa lokið við afgreiðslu eða kveðið upp úrskurð um ágreiningsatriði, sem til nefndarinnar er skotið, innan 14 daga frá því málið var afhent nefndinni til afgreiðslu eða það lagt undir úrskurð hennar.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

5. gr.

Ákvæði til bráðabirgða.

Vísitala samkv. 1. gr. skal í fyrsta sinn reiknuð út þegar eftir gildistöku þessara laga og gildir frá 14. maí til 1. okt. 1941.

6. gr.

Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 91 frá 14. maí 1940, um húsaleigu, og gefa þau út svo breytt.

Gjört í Reykjavík, 9. júlí 1941.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Stefán Jóh. Stefánsson.

85
9. júlí

L Ö G

um prestssetur Staðarprestakalls á Reykjanesi.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að flytja prestssetur Staðarprestakalls á Reykjanesi frá Stað á Reykjanesi að Reykhólum í Reykhólahreppi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 9. júlí 1941.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Hermann Jónasson.